

## Frumvarp til laga

### um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007.)

#### 1. gr.

2. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Markmið og gildissvið.*

Markmið laga þessara er að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega, farms og hafnaraðstöðu fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum og öðrum ólögmætum aðgerðum.

Lög þessi gilda um eftirgreindar gerðir skipa ef þau eru notuð í millilandasiglingum:

- farþegaskip, þ.m.t. háhraðaför,
- flutningaskip 500 brúttótonn eða stærri og
- færanlega borpalla.

Lög þessi gilda einnig um farþegaskip og flutningaskip í innanlandssiglingum. Undanskilja má ákveðnar tegundir og flokka skipa í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur.

Lög þessi gilda um útgerðir þeirra skipa sem nefnd eru í 1. og 2. mgr. og um hafnaraðstöðu þar sem slíkum skipum er þjónað.

#### 2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo:

9. *Umboðsmaður*: Sá sem annast milligöngu útgerðar eða leigutaka skips og stjórnvalda.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- Á eftir orðinu „Landhelgisgæslu“ í 1. mgr. kemur: vaktstöð siglinga.
- Í stað orðsins „útgerðarfélögum“ í 1. mgr., orðsins „útgerðarfélaga“ í a- og b-lið 3. mgr. og orðsins „Útgerðarfélög“ í 9. mgr. kemur í viðeigandi beygingarfalli: útgerðir.
- Við 3. mgr. bætast tveir liðir og orðast svo:
  - gert sé áhættumat vegna siglinga innan íslenskrar efnahagslögsögu,
  - gerð sé og viðhaldið Siglingaverndaráætlun Íslands.
- Við bætist ný málsgrein, 5. mgr., svohljóðandi:

Siglingastofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra. Við framkvæmd eftirlits með siglingavernd skal fulltrúum Siglingastofnunar heimill aðgangur að skipum, hafnarsvæðum, mannvirkjum, búnaði, gögnum og skjólum, eftir því sem telja má nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Fulltrúar hafna, skipa og útgerða, sem lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim taka til, skulu veita

stofnuninni þá aðstoð sem þörf er á vegna eftirlits í þágu siglingaverndar. Samgönguráðherra setur nánari reglur um framkvæmd eftirlits í þágu siglingaverndar.

- e. 1. másl. 5. mgr., sem verður 6. mgr., orðast svo: Ríkislögreglustjóri ákveður vástig um borð í íslenskum skipum og í höfnum.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Útgerðarfélag“ og orðsins „útgerðarfélagið“ í 1. mgr. kemur í viðeigandi tölu og beygingarfalli: útgerð.

- b. Við bætast fjórar nýjar málsgreinar, sem orðast svo:

Skipstjóri og útgerð skips skulu halda skrá yfir nauðsynlegar upplýsingar vegna siglingaverndar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

Áður en skip skv. 2. gr. laganna kemur til hafnar skal höfn, útgerð, umboðsmaður eða skipstjóri skips veita upplýsingar skv. 1. mgr. sem að mati Siglingastofnunar eru nauðsynlegar vegna siglingaverndar og verndar íslenskra hafna.

Ef skip uppfyllir ekki reglur um siglingavernd er Siglingastofnun heimilt að leggja farbann á skip, vísa því frá höfn, krefjast þess að það verði fært innan hafnar eða á milli hafna og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir brot á reglum um siglingavernd. Útgerð og skipstjóra skips er skylt að verða við fyrirmælum Siglingastofnunar samkvæmt þessari málsgrein.

Samgönguráðherra setur nánari reglur um skráningu upplýsinga vegna siglingaverndar, upplýsingaskyldu útgerða og skipstjóra og frekari aðgerðir Siglingastofnunar til framkvæmdar eftirlits í þágu siglingaverndar.

5. gr.

Á eftir 7. gr. laganna kemur nýr kafli, V. kafli, **Aðgangur að hafnarsvæðum**, með einni grein, 8. gr. sem orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Aðgangur að hafnarsvæðum.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að takmarka aðgang að höfnum og hafnarsvæðum, umferð um þær og dvöl skipa í þeim, svo og að banna umgengni eða dvöl á slíkum svæðum, ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna siglingaverndar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna, sem verður 10. gr.:

- a. 1. másl. 2. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, farmverndargjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eru eða landað í höfn.
- b. 1. másl. 3. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald, hafnarverndargjald, fyrir hvert skip sem fellur undir lög þessi og getur gjaldið tekið mið af stærð skips, komufjölda skipa og/eða dvalartíma við hafnarstöðu í rekstri þeirra.
- c. 1. másl. 4. mgr. orðast svo: Höfnum er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir hvern farþega sem kemur til eða fer frá landinu með skipi.

## 7. gr.

Á eftir 9. gr. laganna kemur ný grein sem verður 11. gr. og orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Þagnarskylda.*

Þeim aðilum sem starfa að siglingavernd ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna eða hagsmuna í þágu siglingaverndar. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða starfshætti vegna siglingaverndar og fyrirhugaðar aðgerðir vegna siglingaverndar og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, reglum eða eðli máls.

Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna sem verður 13. gr.:

- a. Í stað orðsins „útgerðarfélag“ tvívegis í 2. mgr. kemur: útgerðar.
- b. Í stað orðanna „og um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar“ í 2. mgr. kemur: um kennslu, þjálfun og æfingar vegna skipaverndar, meðhöndlun trúnaðarskjala og eftirlit og skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila.
- c. Á eftir orðinu „hafnaverndar“ í 3. mgr. kemur: vöktun og afmörkun hafnaraðstöðu og haftasvæða, meðhöndlun trúnaðarskjala og eftirlit og skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila.

## 9. gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr., sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Afturköllun skipunar.*

Siglingastofnun Íslands er heimilt að afturkalla skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila á grundvelli laga þessara, tímabundið eða að fullu, vegna brota gegn lögum og reglum ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hins brotlega, varhugavert að hann sé skipaður. Ákvörðun um afturköllun skal rökstudd og starfsmanni gefinn kostur á að neyta andmælaréttar áður en ákvörðun er tekin, í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga.

Sé um að ræða alvarlegt brot í starfi, þar á meðal brot á trúnaðarskyldum, er Siglingastofnun heimilt að afturkalla skipan viðkomandi þegar í stað.

## 10. gr.

12. gr. laganna, sem verður 15. gr., orðast svo:

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Tilraun og hlutdeild í brotum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

## 11. gr.

Við 13. gr. laganna, sem verður 16. gr., bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Með lögum þessum eru innleiddar í íslenskan rétt eftirtaldar gerðir Evrópusambandsins sem teknar hafa verið upp í XIII. viðauka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öruggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005.

- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 34/2006 frá 10. mars 2006.
- c. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnavernd, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 65/2006 frá 2. júní 2006.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu eru gerðar breytingar á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004, einkum með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004 frá 31. mars 2004 um aukið öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005 frá 10. júní 2005 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/65/EB frá 26. október 2005 um að efla hafnavernd. Framangreindar gerðir Evrópusambandsins voru teknar inn í EES-samninginn með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2005 frá 8. febrúar 2005, 34/2006 frá 10. mars 2006 og 65/2006 frá 2. júní 2006. Gera þarf breytingar á lögnum til að unnt sé að innleiða framangreindar gerðir í íslenskan rétt með setningu reglugerða þar að lútandi.

Hinn 12. desember 2002 var samþykkt innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) að gera breytingar á alþjóðasamþykktinni um öryggi mannlífa á hafinu, SOLAS, og taka inn í hana ákvæði til að fyrirbyggja hryðjuverk og aðrar ógnanir á höfunum. Til þess að innleiða í íslenskan rétt alþjóðlegar reglur og skuldbindingar á sviði siglingaverndar voru á Alþingi sett lög nr. 50/2004, um siglingavernd, sem komu til framkvæmda 1. júlí 2004.

Helstu breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu eru í meginatriðum þessar:

### Útvíkkun á gildissviði laganna.

Lagt er til að gildissvið laganna verði útvíkkað til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 725/2004/EB. Þannig munu lögín eftir lagabreytinguna jafnframt taka til ákveðinna farþega-skipa og flutningaskipa í innanlandssiglingum auk útgerða.

### Áhættumat.

Lagt er til að kveðið verði á um það í lögnum að áhættumat verði gert fyrir íslensk skip, hafnaraðstöðu og siglingar innan lögsögunnar. Samkvæmt reglugerð 725/2004/EB skulu aðildarríkin vera búin að ákveða fyrir 1. júlí 2007 hvort ákvæði reglugerðarinnar, sem tekur til farþegaskipa í innanlandssiglingum, skuli gilda um önnur skip sem veita þjónustu innan lands, útgerðir og hafnaraðstöðu sem þeim tengjast. Siglingastofnun Íslands ber ábyrgð á því samkvæmt frumvarpinu að gert sé áhættumat vegna siglinga innan íslensku efnahagslögsögunnar.

### Heimildir Siglingastofnunar og aðila á vegum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Reglugerð 725/2004/EB kveður á um skoðanir og eftirlit á framkvæmd siglingaverndar í aðildarríkjunum og reglugerð 884/2005/EB hefur að geyma nánari útlistun á framkvæmd

og yfirgrip þessa eftirlits. Þar er m.a. kveðið á um að aðildarríkin skuli tryggja eftirlitsaðilum aðgang að skipum, hafnaraðstöðu og fleiri stöðum, aðgang að öllum skjölum sem tengjast siglingavernd og heimildir til að krefja fulltrúa hafna, skipa og útgerða um nauðsynlega aðstoð við eftirlitið.

Einnig er í frumvarpinu kveðið á um heimildir Siglingastofnunar til þess að bregðast við brotum á reglum um siglingavernd, t.d. með því að leggja farbann á skip, og aukið er við viðurlagaákvæði laganna til samræmis við það.

### **Gjaldtökuheimildir.**

Lagðar eru til breytingar á gjaldtöku vegna innheimtu siglingaverndargjalds. Tekin eru upp heimildarákvæði til töku gjalda í stað skylduákvæða og þar með stuðlað að auknu aðhaldi í kostnaði við siglingavernd.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Lagt er til að breytingar verði gerðar á 2. mgr. 2. gr. laganna og nýrri málsgrein bætt við greinina.

Ákvæði 1. mgr. um markmið laganna er efnislega samhljóða 3. mgr. gildandi laga.

Í 3. mgr. er nýtt ákvæði, sem víkkar gildissvið laganna frá því sem nú er, með því að bæta við farþegaskipum og flutningaskipum í innanlandssiglingum. Lagt er til að undanskilja megi ákveðna flokka skipa í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur. Þannig teljast farþegaskip í flokki A samkvæmt reglugerðinni falla undir gildissvið laganna en flokkunin fer eftir því á hvaða hafsvæðum skipin sigla. Núverandi reglugerð er nr. 666/2001 og skilgreininguna sem um ræðir má finna í 4. gr. hennar hvað varðar farþegaskipin.

Ákvæði 4. mgr. er að stofni til óbreytt frá gildandi lögum, en útgerðum skipa hefur verið bætt við, í samræmi við ákvæði reglugerða framkvæmdastjórnarinnar, sem innleiða á í íslenskan rétt. Í sama skyni er búið að fella orðin „sem stunda millilandasiglingar“ brott úr málsgreininni.

##### Um 2. gr.

Lögð er til skilgreining á hugtakinu umboðsmaður sem er nýtt hugtak í lögnum samkvæmt 4. gr. frumvarpsins. Notuð er sama skilgreining og í lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003.

##### Um 3. gr.

Lagt er til að vaktstöð siglinga sem sett var á fót með lögum nr. 41/2003 sé bætt við upptalningu þeirra aðila sem fara með framkvæmd siglingaverndar. Er þetta einkum gert vegna mikilvægs hlutverks vaktstöðvar siglinga við að tryggja öruggar siglingar í íslenskri efnahagslögsögu, öryggi skipa, farþega og áhafna og efla varnir gegn mengun sjávar.

Lagt er til að gerðar verði breytingar á hugtakanotkun í lögnum á nokkrum stöðum, þess efnis að í stað hugtaksins *útgerðarfélag* verði notað hugtakið *útgerð*. Er þetta einkum gert til að tryggja að hugtakanotkun sé í samræmi við önnur lög á sviði siglinga.

Lögð er til breyting á 3. mgr. 4. gr. laganna þar sem aukið er við ábyrgðarsvið Siglingastofnunar og henni falin gerð áhættumats vegna siglinga innan íslenskrar efnahagslögsögu. Jafnframt er Siglingastofnun ætlað að sjá um að útbúa Siglingaverndaráætlun Íslands og

tryggja að henni sé viðhaldið með fullnægjandi hætti í samræmi við reglur á sviði hins Evrópska efnahagssvæðis.

Í nýrri 5. mgr. er lagt til að Siglingastofnun séu eftirlátnar vissar heimildir, innan þeirra takmarkana sem leiða af lögum um siglingavernd og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra, m.a. með hliðsjón af reglugerð 884/2005/EB.

#### Um 4. gr.

Í b-lið greinarinnar er lagt til að sett verði heimild fyrir Siglingastofnun til þess að beita tilteknum ráðstöfunum þegar talið er að brotið hafi verið gegn reglum um siglingavernd og til almenns eftirlits, t.d. með því að um borð séu gild siglingaverndarskírteini.

Í 1. mgr. er gerð krafa um að útgerð skips skuli halda skrá yfir nauðsynlegar upplýsingar vegna siglingaverndar. Með nauðsynlegum upplýsingum er m.a. átt við upplýsingar um vástig skips, tíu síðustu viðkomuhafnir, tengsl skips við önnur skip, verndarráðstafanir og skírteini.

Í 2. mgr. er lögð til heimild fyrir Siglingastofnun til að krefja útgerð, umboðsmann eða skipstjóra skips upplýsinga sem varða siglingavernd. Samkvæmt gildandi reglum um vaktstöð siglinga skulu öll erlend skip tilkynna komu sína þegar þau halda inn í íslenska efnahagslögsögu, og íslensk skip skulu tilkynna staðsetningu sína með vissu millibili gegnum sjálfvirkt tilkynningarkerfi. Gert er ráð fyrir að krafið verði um upplýsingar eftir að skip tilkynnir um sig með þessum hætti.

Í 3. mgr. er mælt fyrir um hversu langt má ganga í beitingu ráðstafana þegar grunur leikur á um ófullnægjandi siglingaverndarráðstafanir skips. Útgerð skips og skipstjóra er skylt að verða við fyrirmælum Siglingastofnunar samkvæmt málsgreininni.

#### Um 5. gr.

Breytingin sem lögð er til hér er nýmæli og tekur mið af 2. mgr. 70. gr. laga um loftferðir, nr. 60/1998, með síðari breytingum. Talið er nauðsynlegt að taka upp ítarlegri ákvæði og heimildir inn í lög um siglingavernd sem leiðir af verulega hertum kröfum á þessu sviði. Þá þykir nauðsynlegt að taka af allan vafa um skýrar lagaheimildir til ýmiss konar aðgerða er tengjast siglingavernd og sem þrengja að réttindum einstaklinga eða leggja kvaðir á rekstraráðila og Ísland hefur skuldbundið sig til að taka upp. Markmiðið með breytingunum er m.a. að láta eftirlit vegna siglingaverndar ná til allra þeirra sem hafa með höndum starfsemi innan siglingaverndarsvæða. Það eftirlit verður að hluta til hjá Siglingastofnun Íslands en í öðrum tilvikum hjá tollyfirvöldum, ríkislögreglustjóra og Landhelgisgæslu Íslands.

#### Um 6. gr.

Hér er lagt til að höfnum sé heimilt að innheimta siglingaverndargjald, sem nánar er skilgreint sem farmverndargjald af vörum og hafnarverndargjald fyrir hvert skip, en í gildandi lögum er gert ráð fyrir að höfnum sé þetta skylt. Með þessari breytingu er stefnt að auknu aðhaldi í kostnaði við farmvernd. Ljóst er að kostnaður vegna eftirlits eins og hér um ræðir getur haft áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja annars staðar í heiminum. Lögð er áhersla á það að slíkt fyrirkomulag verði ekki meira íþyngjandi hér á landi en erlendis og feli ekki í sér meiri kostnað en þörf er á. Mikilvægt er að hafnir leggi til grundvallar við ákvörðun gjaldsins að um er að ræða þjónustugjald sem endurspeglar skal raunverulega veitta þjónustu.

## Um 7. gr.

Ákvæðið er nýmæli og varðar þagnarskyldu þeirra aðila sem starfa að siglingavernd. Ýmis atriði er lúta að siglingavernd varða öryggi íslenska ríkisins og almannahagsmuni og ber því að fara leynt með þau. Hugsanlegt er jafnframt að einhver atriði varði einkahagsmuni og er talið eðlilegt að trúnaður gildi um slíka hagsmuni einnig. Ákvæðið á sér fyrirmynd í 22. gr. lögregluglaga, nr. 90/1996, með síðari breytingum.

## Um 8. gr.

Lagt er til að bætt verði við heimildir ráðherra til þess að setja í reglugerð nánari útfærslu á ákvæðum um siglingavernd til innleiðingar þeirra reglugerða Evrópusambandsins sem nefndar eru í 11. gr. frumvarpsins.

## Um 9. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að Siglingastofnun verði heimilt að afturkalla skipan verndarfulltrúa og eftirlitsaðila á grundvelli laganna. Er hér vísað til skipunar verndarfulltrúa skv. c-lið 3. mgr. 4. gr. laganna og skipunar eftirlitsaðila skv. d-lið sama ákvæðis. Áskilið er að viðkomandi aðili hafi gerst sekur um brot gegn lögum og reglum ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hins brotlega, varhugavert að hann sé skipaður.

Í 2. mgr. er lagt til að þegar um alvarlegt brot í starfi er að ræða, eða viðkomandi hefur með öðrum hætti hagað sér á þann hátt að óásættanlegt verður að telja að hann sé skipaður, geti Siglingastofnun afturkallað skipan hans samstundis.

Um afturköllun skipunar til að gegna framangreindum störfum gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

## Um 10. gr.

Lagt er til í frumvarpinu að refsíákvæðum verði beitt til samræmis við þau viðurlög sem eru í öðrum sérlögum.

## Um 11. gr.

Hér eru taldar upp þær gerðir Evrópusambandsins sem innleiddar verða við gildistöku laga þessara, sbr. ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

## Um 12. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2004, um siglingavernd.**

Lagðar eru til breytingar með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 725/2004, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005, og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/65. Markmiðið með frumvarpinu er að ná fram auknu öryggi skipa og öruggari hafnaraðstöðu. Frumvarpið felur m.a. í sér að höfnum verði heimilt að innheimta sérstakt gjald, siglingarverndargjald.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum munu útgjöld ríkissjóðs aukast óverulega og gert er ráð fyrir að það muni rúmast innan fjárlagamma samgönguráðuneytisins.